

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr 54 1949 og lög nr. 64 1950, um Laxárvirkjun.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 20. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 30 millj. kr. samtals, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þó ekki meira en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 20. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.